



Keppnisgreinareglur fyrir hermikappakstur

Orðskýringar skálettraðra orða er að finna í *Reglubók FIA* sem aðgengileg er á vef AKÍS www.akis.is

2020



GREIN 1 ALMENNT

GREIN 1.1 GILDISSVIÐ

1.1.1 Reglur þessar gilda fyrir allar *keppnir* í hermikappakstri.

1.1.1.a Keppnishaldara er heimilt að víkja frá keppnisfyrirkomulagi og flokkareglum í *keppnum* öðrum en Íslandsmeistarakeppnum.

1.1.2 *Keppnir* eru haldnar samkvæmt *Reglubók FIA* (e. International Sporting Code (ISC)), *keppnisreglum FIA*, þessum *keppnisgreinareglum* og *sérreglum* hverrar *keppni*.

1.1.3 Gæti misræmis á þessum *keppnisgreinareglum* og *keppnisreglum*- eða *Reglubók FIA* þá gilda reglur *FIA*.

GREIN 2 SKRÁNING

GREIN 2.1 KEPPENDUR OG ÖKUMENN

2.1.1 *Keppendum* er heimilt að skrá sig einu sinni í hverja *keppni*.

GREIN 3 KEPPNISFYRIRKOMULAG

GREIN 3.1 ALMENNT

3.1.1 Ræsing á ferð er framkvæmd án fylgdarbíls frá ráspól og er *ökutækjum* ætlað að aka á eigin vegum að ráslínu í rétttri röð.

3.1.2 Um hegðun *ökumanna* í *brautarakstri* gildir kafli IV *viðauka L* í *Reglubók FIA* um aksturshegðun á brautum.

3.1.2.a Ökumaður sem ver stöðu sína á beinum kafla eða fyrir bremsusvæði má nota alla brautarbreiddina við fyrstu stefnubreytingu að því gefnu að marktækur hluti þess ökutækis sem reynir að komast framúr honum sé ekki við hlið hans. Á meðan ökumaður verst með þessum hætti má hann ekki yfirgefa brautina án réttlætanlegrar ástæðu.

3.1.2.b Til að taka af allan vafa, nemi framendi ökutækis sem reynir að komast framúr við afturdekk fremra ökutækisins telst það vera marktækur hluti.

3.1.2.c Ökumaður sem ver stöðu sína í beygju má halda aksturslínunni sé hann meira en hálfa bíllengd í miðri beygju fyrir framan þann sem reynir framúrakstur.

GREIN 3.2 KEPPNISUMHVERFI

3.2.1 Keppt er í Project CARS 2 tölvuleiknum.

3.2.2 Keppendum er heimilt að notast við sýndarveruleikagleraugu en gerir það á eigin ábyrgð.

3.2.2.a Ekki er veittur auka tímafrestur fyrir keppanda til að setja upp eða taka niður búnað sem hann vill nota.

3.2.3 Keppanda er heimilt að hafa slökkt á hreyfihermi ef hann kys það.

GREIN 3.3 TÆKNILEGT UMHVERFI

3.3.1 Keppnishaldari tryggir að allir hermar séu eins líkir og mögulegt er og ákveður endanlega uppsetningu alls vél- og hugbúnaðar í tímatökum og á keppnisdag.

3.3.2 Keppnisstjóri úthlutar keppendum sæti í hermum.

3.3.3 Tvær staðlaðar uppsetningar á bíl eru í boði, "Stable" og "Loose".

3.3.4 Komi upp sú staða í keppni að ökumaður missir netsamband eða bilun verður í búnaði, skal endurtaka keppni. Keppendur ræsa þá að nýju án tímatöku og raða sér í þau sæti sem þeir voru í þegar tenging rofnaði, og hefja kappakstur að nýju með ræsingu á ferð. Þá eru keyrðir eins margir hringir og voru eftir af kappakstrinum þegar tenging rofnaði. Þó aldrei færri en 3 hringir.



3.3.5 Ströngustu reglur og viðurlög leiksins gilda í keppni og er refsingum beitt innan leiksins ef keppandi gerist brotlegur. Skemmdir á bíl eru hafðar á raunverulegustu stillingu.

GREIN 4 FORKEPPNIR

4.1 TÍMATÖKUÆFING

- 4.1.1** Keppandi verður að fá skráðan tíma í tímatökuæfingu til að öðlast þátttökurétt í kappaksturslotum.
- 4.1.2** Tímatökur mega hefjast allt að fjórtán dögum fyrir keppnisdag hvernar keppni.
- 4.1.3** Starfsmaður keppnishaldara stillir búnaðinn með forsendum tímatökuæfingar.
- 4.1.4** Fjöldi tímatökuhringja hvers ökumanns er ekki takmarkaður.
- 4.1.5** Tímataka er aðeins gild ef starfsmaður keppnishaldara staðfestir tímann og að búnaðurinn hafi verið rétt stilltur.
- 4.1.6** Tímatökuæfingu lýkur tveimur dögum fyrir mótssdag kl. 22:00.
- 4.1.7** 16 hröðustu keppendur úr tímatökuæfingu öðlast þátttökurétt í kappaksturslotum.
- 4.1.7.a** Listi yfir þá er birtur á upplýsingatöflu keppinnar þegar dómnefnd hefur staðfest hann.

4.2 KEPPNI

4.2.1 Röðun í riðla

- 4.2.2** Keppendum er skipt í riðla eftir úrslitum úr tímatökum.
- 4.2.2.a** Riðill 1 : sæti 9-16.
- 4.2.2.b** Riðill 2 : sæti 5-8 og 4 efstu úr úrslitum riðils 1.
- 4.2.2.c** Úrslitariðill 3 : sæti 1-4 og 4 efstu úr úrslitum riðils 2.

4.3 Fyrirkomulag riðils 1

- 4.3.1** Uppsetning hermis 10 mínútur.
- 4.3.2** Tímataka 15 mínútur.
- 4.3.3** Kappakstur 20 mínútur.

4.4 Fyrirkomulag riðils 2

- 4.4.1** Uppsetning hermis 10 mínútur.
- 4.4.2** Tímataka 15 mínútur.
- 4.4.3** Kappakstur 20 mínútur.

4.5 Fyrirkomulag úrslitariðils

- 4.5.1** Uppsetning hermis 10 mínútur.
- 4.5.2** Tímataka 30 mínútur.
- 4.5.3** Kappakstur 30 mínútur.

4.6 Stig til Íslandsmeistara eru gefin fyrir lokaúrslit keppinnar.

GREIN 5 ÚRSLITAKEPPNI

5.1 ALMENNT

Eftir síðustu forkeppni mótsins fer fram úrslitakeppni.

- 5.1.1** 8 stigahæstu ökumenn forkeppnanna keppa í úrslitakeppninni.
- 5.1.1.a** Séu fleiri en einn ökumaður jafnir á stigum í 8. sæti þurfa þeir að tryggja sér sætið með bráðabana.
- 5.1.2** Keppnin er keyrð á einni braut.



5.1.3 Keppnin er tveir kappakstrar.

5.1.3.a Í fyrri kappakstrinum fer rásröð keppenda eftir úrslitum tímatöku.

5.1.3.b Í seinni kappakstrinum raðast keppendur í öfugri rásröð miðað við úrslit fyrri kappaksturs.

5.1.3.c Seinni kappakstur er ræstur á ferð.

5.1.3.d Skylda er að taka þjónustuhlé í seinni kappakstrinum.

5.1.4 Keppendur fá stig fyrir sæti í lokaúrslitum hvors kappaksturs samkvæmt töflu um stig til Íslandsmeistara.

5.2 BRÁÐABANI

5.2.1 Bráðabani fer fram á þeirri braut sem keppt var á í fyrstu forkeppni mótsins.

5.2.2 Aka skal tímatöku í 30 mínútur, öll ökutæki saman í brautinni.

5.2.3 Hraðasti tími tryggir sætið.

5.3 FYRIRKOMULAG

5.3.1 Uppsetning hermís 10 mínútur

5.3.2 Tímataka 30 mínútur

5.3.3 Hlé 10 mínútur

5.3.4 Fyrri kappakstur 30 mínútur

5.3.5 Hlé 15 mínútur

5.3.6 Seinni kappakstur 35 mínútur

5.3.7 Stig fyrir hvorn kappakstur eru með sama hætti og í mótinu.

GREIN 6 STIG TIL ÍSLANDSMEISTARA

6.1 Sá keppandi sem hlotið hefur flest stig samanlagt úr öllum *keppnum* til Íslandsmeistara telst Íslandsmeistari.

6.2 Stig til Íslandsmeistara eru gefin fyrir sæti í lokaúrslitum samkvæmt eftirfarandi töflu:

1. sæti : 25 stig
2. sæti : 18 stig
3. sæti : 15 stig
4. sæti : 12 stig
5. sæti : 10 stig
6. sæti : 8 stig
7. sæti : 6 stig
8. sæti : 4 stig
9. sæti : 2 stig
10. sæti : 1 stig

6.3 Ef tveir eða fleiri eru með jafnmörg stig í efsta sæti í lok keppnistímabilsins skal sá teljast Íslandsmeistari sem var ofar í þeirra síðustu innbyrðis keppni.

GREIN 7 KEPPNISFLOKKAR

GREIN 7.1 GTE

7.1.1 Allir ökumenn aka á Chevrolet Corvette C7.R.